

Tillaga til íþróttá- og tómstundanevndar

Til : Grétar Helgason
Frá : Íþróttamiðstöð Flateyrar
CC : Margrét Halldórsdóttir;Marzellius Sveinbjörnsson
Heiti : Tillaga til íþróttá- og tómstundanevndar
Málsnúmer : 2018040073
Málsaðili : Sigrún Svanhvít Óskarsdóttir
Skráð dags : 07.03.2018 16:50:51
Höfundur : Íþróttamiðstöð Flateyrar

Sæl verið þið

Ég hef mikið verið að velta fyrir mér hvernig hægt sé að stuðla að aukinni notkun á íþróttasalnum og að sama skapi auka um leið innkomu til þessa mannvirkis.

Síðastliðið eitt og hálf ár eða þann tíma sem ég hef starfað hér hefur verið harla lítil notkun á húsinu utan skólaíþróttá, stöku blaktíma og jú fimleika.

Mín tillaga er sú hvort að við ættum að auka sérstöðu okkar með því að reisa í húsinu klifurvegg sem væri hægt að nýta til æfinga fyrir björgunarsveitir á svæðinu og til að auka þjónustu við ferðamenn sem leggja leið sína um Ísafjarðabæ. Um leið myndi þetta ýta undir nýtingu allrar annarar þjónustu hér í kring.

Einnig tel ég að nýstofnaður Lýðháskóli hér í bæ gæti nýtt sér þessa aðstöðu þar sem ætlunin er að bjóða uppá svokallaða Umhverfisbraut þar sem komið verður inná fjallamennsku.

Samhliða þessu væri þá hægt að hafa fimleikagólfíð niðri sem kjörið væri til æfinga í glímu og þess háttar íþróttagreinum auk fimleika auðvitað. Ég vill benda á að lítið mál er að minnka, stækka eða taka gólfíð alveg upp svo meirihluti gólfflatarins væri þá einnig nýtilegur undir aðra almenna íþróttaiðkun.

Held að þetta gæti komið sterkt inn til eflingar okkar starfs og þjónustu, tala nú ekki um ef við myndum reyna að koma upp sjósundsáðstöðu samhliða þessu.

Þjónum með gleði til gagns

Með bestu kveðju

Sigrún Svanhvít Óskarsdóttir
Starfsmaður Íþróttamannvirkis á Flateyri